

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 2/2006

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 2. mars 2006, hefur Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2005, dags. 7. febrúar 2006. Í hinni kærðu ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að frá og með 1. maí 2006 skyldi falla úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem samþykktur hafði verið af eftirlitinu og gefinn út af áfrýjanda.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Helstu málavextir

Mál þetta á rætur að rekja til þess að Samkeppniseftirlitið ákvað að athuga hvort rétt væri að taka til endurskoðunar opinber afskipti af töxtum leigubifreiða. Áfrýjandi hefur gefið út hámarkstaxta fyrir leigubifreiðar og hafa breytingar á töxtunum verið háðar samþykki samkeppnisyfirvalda, áður verðlagsyfirvalda. Vísaði Samkeppniseftirlitið til þess að eftir breytingar á samkeppnislögum og reglugerð um leigubifreiðar væri ekki lengur að finna sérstök lagafyrirmæli um afskipti stjórnvalda af umræddum töxtum. Leitað var umsagnar áfrýjanda, samgönguráðuneytisins, Vegagerðarinnar og nokkurra félaga leigubifreiðastjóra. Lögðu þessir aðilar, einkum samgönguráðuneytið, í umsögnum sínum áherslu á óbreytta skipan verðákvæðana. Var á það bent að um einokunarstöðu að vissu marki væri að ræða á markaðinum fyrir leigubifreiðaakstur. Málmeðferð Samkeppniseftirlitsins er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Hinn 7. febrúar 2006 var ákvörðun tekin í málinu. Ákvörðunarorð hljóða svo:

„Frá og með 1. maí 2006 fellur úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem samþykktur hefur verið af Samkeppniseftirlitinu og gefinn út af BÍLS, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst 27. mars 2006. Athugasemdir áfrýjanda bárust 30. mars og athugasemdir Samkeppniseftirlitsins 10. apríl 2006.

III.

Helstu röksemdir málsaðila

Röksemdir áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að það sé óheillaspor fyrir neytendur að fella niður hámarkstaxta leigubifreiða. Áfrýjandi kveðst hafa gert athugun á stöðu mála í Noregi og Svíþjóð og hafi afnám hámarkstaxta leigubifreiða, í báðum löndum, stórlega skert hagsmuni neytenda. Áfrýjandi telur að samkeppnislög nr. 44/2005 útiloki ekki, eins og fram sé haldið af Samkeppniseftirlitinu, áframhaldandi afskipti þess af ökutaxta leigubifreiðastjóra. Telur áfrýjandi að það sé eftirlitsins að sýna fram á að undanþáguskilyrði séu ekki fyrir hendi. Áfrýjandi telur að samkeppni rúmist innan núverandi taxtafyrirkomulags þar sem hámarkstaxtinn komi ekki í veg fyrir að ökugjaldið sé lægra en taxtinn segi til um.

Röksemdir Samkeppniseftirlitsins

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er vísað til þess að útgáfa hámarkstaxta fyrir tiltekna atvinnugrein sé undanteking frá meginreglu 10. gr. samkeppnislaga um verðsamkeppni milli keppinauta. Heimilt sé á grundvelli 15. gr. laganna að veita undanþágu frá bannreglu 10. gr. Til þess að slík undanþága sé heimil verði hins vegar að liggja fyrir að skilyrði sem tilgreind eru í liðum a-d í 15. gr. séu uppfyllt en það hafi áfrýjandi ekki sýnt fram á.

Samkeppniseftirlitið mótmælir því að hin kærða ákvörðun hafi skaðleg áhrif í för með sér. Áréttar eftirlitið að markmið samkeppnislaga sé að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins sem skuli náð með því m.a. að vinna gegn takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri og samkeppnishömlum. Frelsi fyrirtækja til að ákveða eigin verðlagningu sé ein af meginforsendum þess að samkeppni fái þrífist.

Hvað varðar öryggi farþega leigubifreiða þá vísar Samkeppniseftirlitið til þess að löggjafinn hafi brugðist við þessum sjónarmiðum og skapað leigubifreiðaakstri

lagaumhverfi sem m.a. feli í sér skilyrði fyrir atvinnuleyfi o.fl. Hámarkstaxti leigubifreiða sé ekki forsenda öryggis neytenda.

Samkeppniseftirlitið mótmælir því að eftirlitinu beri að sanna að skilyrði undanþágu í máli þessu séu ekki fyrir hendi. Þessi túlkun áfrýjanda sé í ósamræmi við almenn sjónarmið og meginreglur samkeppnisréttar. Samkeppniseftirlitið bendir á að undanþága samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga verði ekki veitt nema sýnt sé fram á að öll skilyrði þau sem tilgreind séu í 1. mgr. 15. gr. séu uppfyllt. Það hafi áfrýjandi ekki gert í þessu máli. Slík sjónarmið hafi heldur ekki komið fram í málsmeðferðinni fyrir Samkeppniseftirlitinu. Vangaveltur um skilyrði samkvæmt 2. mgr. 15. gr. eigi ekki við hér.

IV.

Niðurstaða

Í lögum gefur nú ekki lengur að finna nein sérstök ákvæði um heimild stjórnvalda til afskipta af aksturstöxtum leigubifreiða. Samræmdir taxtar, sem kveða á um hámark endurgjalds fyrir leiguakstur bifreiða, sem lög nr. 134/2001 og reglugerð nr. 397/2003 ná til, fara gegn meginmarkmiðum samkeppnislaga, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Ákvarðanir um hámarkstaxta, almenns eðlis, sem eiga að gilda á tilteknum markaðssvæðum, fá ekki, að mati áfrýjunarnefndar samkeppnismála, samrýmst bannreglu þeirri, er fram kemur í 10. og 12. gr. samkeppnislaga, sökum þess að þær fela í sér samstilltar aðgerðir, sem augljóslega geta raskað samkeppni.

Við rekstur málsins hjá Samkeppniseftirlitinu kom ekki fram beiðni af hálfu áfrýjanda um undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga, sbr. 15. gr. laganna, og tekur nefndin því ekki afstöðu til þess hvort skilyrði til þess háttar undanþágu kunni að vera fyrir hendi.

Af þeim ástæðum, er hér voru raktar, og að öðru leyti með vísan til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins, ber því að staðfesta hana.

Úrskurðarorð:

Hin kærða ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 frá 7. febrúar 2006 er staðfest.

Reykjavík, 18. apríl 2006

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir